

Nr. 148 / 13 Lundi SF 12**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6573
Smíðaður: Hafnarfjörður 1984, plast
Stærð: 4,24 brl. 3,58 bt.
Mesta lengd: 6,93 m Skráð lengd: 6,83 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 4



Lundi©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. október 2013 var Lundi SF 12 á siglingu á Berufirði. Veður: NNA 4-6 m/s (Hvalnes)

Bátsverjar höfðu verið á svartfluglaveiðum nokkuð utan Papeyjar. Á landstíminu kom högg á bátinn og við skoðun á drifbúnaði kom í ljós að önnur flugin á gaffli drifsins var brotin en drifið hékk í skorðum á hinni flaug gaffalsins. Skipstjóri ákvað að halda ferðinni áfram inn til Djúpavogs. Eftir nokkurn tíma gekk stýristjakkurinn úr sambandi vegna skekkju á búnaðinum. Skipstjóri gat þá stýrt með jafnvægisbörðum á skutgaffli en þegar búnaðurinn skekkist meira varð Lundi stjórnvana.

Skipstjóri lét setja út akkeri og kallaði eftir aðstoð til hafnar þar sem þeir voru skammt norðan Lífólfsskers. Björgunarbáturinn Dröfn dró Lunda til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar skemmdir voru skoðaðar kom í ljós að ákoma var á stefni rétt neðan sjólínu en þar voru rispurr í málningu og mar á glerungi plastsins. Gaffalinn sem heldur drifinu við skutinn var brotinn öðrumegin og tenging stýristjakkis við „hjálminn“ hafði rofnað.

Nefndarálit:

Nefndin telur líkur á að báturinn hafi siglt á rekald.